

Febrúar 2022 Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 26				
Stafur vikunnar: P		Tákn: Peysa		
31 jan	1 Haldið upp á afmæli Birkilundar og dag leikskólans Slátur og kartöflustappa	2 Skyrtu- og kjóladagur Íslensk kjötsúpa, heimabakað brauð	3 Plokkfiskur, rúgbrauð, smjör, salatbar	4 Makkarónugrautur, slátur, brauð og álegg
Vika 27				
Stafur vikunnar: T		Tákn: Grænn		
7 <i>Tónlist Reynil. og Kvistal.</i> Hakk og spaghetti, hvítlauksbrauð	8 Grænn dagur Steiktur fiskur í fjölkornaraspi, kartöflur, kaldar sósur, ferskt salat	9 Hamborgari, franskar, sósa, kál, gúrka, tómatar	10 Soðin bleikja, kartöflur, rúgbrauð, smjör, kaldar sósur og salatbar	11 Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk, sýrður rjómi, ostur
Vika 28				
Stafur vikunnar: K		Tákn: Takk fyrir matinn		
14 <i>Tónlist Könglal.</i> Gúllas, kartöflustappa, grænar baunir og sulta	15 Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa, gúrka og tómatar	16 Kjúklingabringur, hrísgrjón, sveppasósa, grænmeti	17 Fiskur í raspi, kartöflur, kaldar sósur, grænmeti	18 Skyr, heitt brauð og ávextir
Vika 29				
Stafur vikunnar: Ö		Tákn: Bless		
21 Bókavika <i>Tónlist Reynil. og Kvistal.</i> Kjötbollur, kartöflur, brún sósa, grænmeti	22 Fiskinaggar, hrísgrjón, súrsæt sósa, gulrótarsalat	23 Heilsteiktur folaldavövi, bátakartöflur, bernessósa, maís, ferskt salat	24 Fiskiréttur með pasta og piparostasósu. Salatbar	25 Núðluréttur m/kjúkling, grænmeti og hvítlauksbrauði
Vika 30				
Stafur vikunnar: Á		Tákn: Hjálpa		
28 Bolludagur <i>Tónlist Könglal.</i> Kjötbollur, kartöflur, brún sósa, rabbabarasulta og grænar baunir	1 mars Sprengidagur	2 mars Öskudagur	3 mars	4 mars

Gaman saman í febrúar

Samstarfið hefur legið niðri og óákveðið er hvenær og hvernig þráðurinn verður tekinn upp að nýju.

Afmæli Birkilundar og Dagur leikskólans

Í tilefni af afmæli Birkilundar 29. janúar og Degi leikskólans 6. febrúar ætlum við að gera okkur dagamun þriðjud. 1. febrúar. Boðið verður upp á köku í síðdegisdrykk.

Kjóra- og skyrtudagur

Hér er tækifæri til að klæða sig aðeins uppá fyrir daginn, koma í skyrtu eða kjól eftir því sem hver og einn vill.

Grænn dagur

Við höfum græna litinn áberandi þennan dag.

Bolludagur, sprengidagur, öskudagur

Á bolludaginn gera börnin á Könglalandi og Kvistalandi brauðbollur, sem boðið verður uppá í morgunmatnum. Í síðdegisdrykk verður boðið upp á brauðbollur og vatnsdeigsbollur með sultu, rjóma og glassúr eftir óskum hvers og eins.

Á sprengidaginn borðum við saltkjöt og baunir.

Á öskudaginn verður dansað og köttur sleginn úr tunnu á hverri deild. Börnin mega koma í búningum en þurfa einnig að vera með föt fyrir útivist. Fjórið hefst fljótlega eftir kl 9.

Klæðnaður barna

Það er nauðsynlegt að börnin komi með hlý föt með sér í leikskólann, eins og peysu, vettlinga, ullarsokka og kuldaskó, til að hægt sé að njóta þess að leika sér úti í frosti og snjó.

Foreldrarviðtöl

Einu sinni á ári eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá kennara barnsins. Okkur finnst mjög mikilvægt að geta átt samtál við ykkur foreldra og vonumst til þess að þið nýtið ykkur þann tíma sem ykkur er úthlutaður til þess að ræða við kennara barnsins ykkar. Kennarar hafa afmarkaðan tíma til að nýta í þessi viðtöl þannig að það er mikilvægt að þið látið okkur vita ef sá tími sem ykkur er úthlutað gengur alls ekki upp. Nú þegar hafa fyrstu viðtölin farið fram í gegnum tölvu eða síma en við gefum okkur tíma út mars til að ljúka þessum viðtölum.

Húsnæðismál

Nú hyllir undir að viðbætur við Reyniland verði tilbúnar og nokkur leikskólarými bættist við þar. Eftir er að ganga frá ráðningu starfsmanns vegna þess. Gera má ráð fyrir að nokkurn tíma taki að móta starfið í breyttum aðstæðum.

Einnig er verið að kynna teikningar af framtíðarhúsnæði. Teikningar eru enn á vinnslustigi og fólki er gefinn kostur á að koma með athugasemdir.

Sóttvarnir

Afléttingar á sóttvörnum eru hafnar. Búið er að breyta reglum um sóttkví þannig að þó komi upp smit í leikskólanum þarf enginn að fara í sóttkví út af því (nema fjölskylda viðkomandi) og engin smitrakning fer fram í leikskólanum.

Fjarlægðarmörk hafa verið minnkuð í einn meter en áfram er grímuskylda á foreldrum í leikskólanum.